

Skilablað – Skógaskóli - endurmat

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Skógaskóli – endurmat.

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu í september 2016 um að gerð yrði ástandsskoðun á fasteignum fyrrum héraðsskólans að Skógum í tengslum við möguleg kaup sveitarfélagsins á þessum eignum.

Verkkaupi var fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Verkefnastjóri hjá FSR var Guðbjartur Á. Ólafsson.

2 Verklýsing

Verkefnið Skógaskóli – endurmat fólst í að gera ástandsskýrslu um húseignir í ríkiseigu að Skógum undir Eyjafjöllum. Eignirnar hafa verið í umsjá og til afnota fyrir Bygðasafnið á Skógum og í þeim rekin ferðabjónusta af Edduhótelum.

Fyrir lágu þrjár ástandskannanir frá árunum 1998, 2000 og 2002 sem unnar voru af Jóni Ásbjörnssyni, þáverandi starfsmanni Ríkiskaupa. Ástandskönnunin 2016 byggir á eldri ástandskönnunum að hluta og sjónmati skýrsluhöfundar á staðnum.

Bókhalds- og greiðslubjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Þann 11. október 2016 fékk verkefnið verknúmerið 633 0112.

4 Framvinda

Guðbjartur Á. Ólafsson, verkefnastjóri FSR, framkvæmdi vettvangsskoðun 14. október 2016. Ljósmyndir voru teknar á staðnum og minnispunktur skráðir. Tengiliðir á vettvangi voru Sverrir Magnússon, forstöðumaður Skógasafns í Skógum, og Viðar Bjarnason, umsjónarmaður fasteigna á staðnum.

5 Kostnaður verksins

Heildarkostnaður verksins var 348.604 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Í niðurstöðukafla ástandsskýrslunnar kemur fram að byggingarnar hafi ekki fengið mikið viðhald á ytra byrði frá því að þær voru ástandsskoðaðar fyrst 1998. Það hafi því safnast upp veruleg viðhaldsþörf utanhúss, aðallega á glerjum, gluggum, þakklæðningum og óklæddum útveggjum. Innanhúss hafi verið haldið í horfinu en til dæmis farið að sjá á gólfefnum. Ekki sé hægt að segja að viðhald hafi verið vanrækt heldur hefði verið hægt að gera betur hvað það varðar.

7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

8 Verklök

Verkefninu lauk með ástandsskýrslu í nóvember 2016.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri